

Útivistasvæði

Punktur úr umræðu:

- Í Mikladal er mikið rusl, eigendur fiskhjalla, geymslna, einnig vinnusvæði og Orkubúið, þurfa að ganga frá sínum eignum, tryggja að rusl fjúki ekki frá þeim. Gera þarf allsherjar tiltekt í Mikladal.
- Skilgreina þarf betur gönguleiðir, versus bílaumferð.
- Gera þarf kröfur til hundaeigenda að þeir hafi hunda sína í bandi þar sem fólk er og hreinsi úrgang frá þeim.
- Merkja og girða af Vatnsverndarsvæði og tryggja verndun þess.
- Í Litladal þarf að laga göngubrú yfir Litladalsá.
- Á Wembley þarf að tryggja að ekki sé ekið inn á flötina, taka til og skipuleggja svæðið betur, fjarlægja dauðu trén.
- Gangstéttar innanbæjar eru of fáar og bæta þarf þjónustu á þeim á veturna, að þær séu snjóhreinsaðar til jafns við götur. Tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Vantar handrið á nokkra staði þar sem fallið er hátt á Aðalstrætinu.
- Laga þarf nýja gönguleið ofan við Fosshótel og sjoppu. Gera hjóla- og kerrubraut meðfram tröppum, bæta göngulýsingu við ána á flóðvarnargarðinum. Ganga frá varnargarði, laga þökur, hreinsa netaplast sem fylgdi nýjum þökum.

Niðurstöður:

- Tiltekt í Mikladal.
- Skilgreining á göngu/hjólaleiðum.
- Merkja vatnsverndarsvæði betur, girða af.
- Laga mannvirki, gera kröfur á eigendur að ganga vel um.
- Samgöngur gangandi og hjólandi til jafns við bíla innanbæjar. Stuðla að minnkun á bílaumferð innanbæjar.
- Leggja áherslu á reglur um hundahald.

Næstu skref:

- Taka til, merkja leiðir.
- Krefja eigendur mannvirkja, atvinnurekendur um að ganga vel frá eignum sínum og ganga vel um.
- Laga gangstéttar og gönguleiðir, skilgreina hjólaleiðir.
- Fræðsla um reglur um hundahald, kalla hundaeigendur á fund.
- Setja snjóhreinsun gangstíga inn í áætlun, að gangstéttar séu ávallt færar þegar götur eru færar.